

BORGARRÁÐ 7. júlí 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks Fólksins um stöðu tillögu vegna innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík - MSS22010214

Óskað er eftir upplýsingum um tillögu Flokks fólksins sem vísað var til borgarráðs á fundi borgarstjórnar 18. janúar 2022 en ekkert hefur spurst til. Lagt var til að samþykkt yrði að skipað stýrihóp sem greinir og leggur mat á hvað vanti upp á til að hægt verði að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í Reykjavík. Nú er kominn nýtt kjörtímabil og því mikilvægt að leggjast yfir þetta verkefni sem m.a. önnur sveitarfélög hafa lokið en Reykjavík ekki. Til að hægt sé að innleiða Barnasáttmálann þarf að leggjast í þá vinnu að finna út hvað þarf að laga og bæta í aðstæðum barna í Reykjavík. Daglega er brotið á börnum í Reykjavík á hinum ýmsu sviðum og er skemmst að nefna að þau fá ekki nauðsynlega sálfræði- og talmeinaþjónustu. Fyrsta skrefið er að greina og leggja mat á hvað þarf til til að hægt sé að hefja innleiðingarferlið líkt. Skipa þarf stýrihóp eins og tillagan kveður á um sem legðist í ítarlega greiningarvinnu á högum og aðstæðum barna í Reykjavík.